

**Landsframleiðslan 2008 – endurskoðun***Gross Domestic Product 2008 – Revision**Samantekt*

Landsframleiðsla jókst að raungildi um 1,3% samkvæmt endurskoðuðum tölum Hagstofunnar yfir þjóðhagsreikninga á árinu 2008. Í áætlun frá því í mars síðastliðnum var talið að hagvöxtur á árinu 2008 hafi orðið 0,3%. Aukinn hagvöxtur frá fyrri áætlunum skýrist einkum af meiri samneyslu og fjárfestingu og hagstæðari þróun utanríkisviðskipta en áætlanir í mars gáfu til kynna. Hagvöxtur á árinu 2007 er talinn hafa numið 5,6% eða nánast sá sami og áætlað var í mars.

Vöxt landsframleiðslunnar á liðnu ári má öðru fremur rekja til útflutnings, sem jókst um 7% og skýrist sú aukning að stórum hluta af mikilli aukningu á útflutningi afurða stóriðju. Á sama tíma dróst innflutningur saman um 18%. Þessi þróun veldur því að verulega dró úr halla á vöru- og þjónustuviðskiptum á árinu 2008 miðað við árið áður. Hallinn nam tæpum 41 milljarði króna samanborið við tæpa 140 milljarða árið áður. Á sama tíma dróst einkaneysla saman um 7,8% og fjárfesting minnkaði um 20,4%. Að nokkru svipar þróuninni 2008 til ársins 2001 þegar hagvöxtur var einnig drifinn af miklum vexti útflutnings, en þó er sá munur á þessum tveimur árum að árið 2001 var mun minni samdráttur þjóðarútgjalda og innflutnings. Á árunum 2003–2006 var hagvöxtur aftur á móti drifinn af einkaneyslu og fjárfestingu.

Einkaneysla sem hlutfall af landsframleiðslu var 53,5% á liðnu ári. Í sögulegu samhengi er þetta hlutfall lágt og undanfarin tuttugu ár hefur það einungis einu sinni verið svipað, eða 54,9% árið 2002. Samneyslan sem hlutfall af landsframleiðslu var 24,9% eða svipuð og undanfarin fjögur ár sem er hátt í sögulegu samhengi.

Hlutfall fjárfestingar af landsframleiðslu var 24,2% á liðnu ári og þrátt fyrir samdrátt annað árið í röð, er þetta hlutfall enn nokkuð hátt í sögulegu samhengi. Sambærilegt hlutfall fyrir OECD-ríkin í heild hefur verið um eða undir 20% undanfarinn aldarfjórðung.

Afleiðingar bankahrunsins á 4. ársfjórðungi og efnahagskreppunnar héraendis og í umheiminum valda því að enn gætir nokkurrar óvissu um tölulegar niðurstöður fyrir árið 2008. Vert er að vekja sérstaklega athygli á óvissunni við mat á eignatekjum gagnvart útlöndum og þar með mati á þjóðartekjum, sjá nánar neðst á bls. 2.

Hagvöxtur 1,3% á árinu 2008,  
5,6% árið 2007

Hagstofan birtir nú endurskoðaðar tölur yfir þjóðhagsreikninga á árinu 2008 og koma þær í stað áætlana frá því í mars síðastliðnum. Landsframleiðsla á liðnu ári er talin hafa numið 1.476 milljörðum króna en það er um 175 milljörðum eða 13,5% hærrí fjárhæð en árið áður. Að teknu tilliti til verðbreytinga jókst landsframleiðslan að raungildi um 1,3%. Endurskoðuðu tölurnar sýna meiri hagvöxt á árinu 2008 en áætlunin frá því í mars síðastliðnum, en þá var talið að hagvöxtur á árinu 2008 hafi




orðið 0,3%. Breytingin skýrist einkum af meiri samneyslu og fjárfestingu og hagstæðari þróun utanríkisviðskipta en reiknað var með í mars. Að teknu tilliti til mannfjöldaaukningar, sem var 2,6%, dróst landsframleiðslan saman að raungildi um 1,2% á mann árið 2008 en hafði árið áður vaxið um 3,2%.

Samhliða endurskoðun á tölum ársins 2008 hafa niðurstöður um hagvöxt fyrri ára einnig verið endurskoðaðar lítillega frá því síðustu tölur voru birtar. Þessar breytingar má einkum rekja til endurskoðaðra talna frá Seðlabanka Íslands um þjónustuviðskipti á árunum 2005–2008 auk þess að nú liggja fyrir fyllri heimildir en áður. Hagvöxtur á árinu 2007 er nú talinn hafa verið 5,6% og 4,3% árið 2006 samanborið við 5,5% og 4,5% í mars.

### Mynd 1. Vöxtur landsframleiðslu

Figure 1. GDP growth rate



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2007 og 2008. Preliminary data 2007 and 2008.

#### Mikill samdráttur þjóðartekna

Við mat á afkomu þjóðarbúsins eru þjóðartekjur ekki síður áhugaverð stærð en landsframleiðsla, en þar er tekið tillit til breytinga á viðskiptakjörum þjóðarbúsins gagnvart útlöndum og til launa- og eignatekna til og frá útlöndum (að stærstum hluta vaxta- og arðgreiðslur). Viðskiptakjör versnuðu nokkuð á árinu 2008 eða sem nam 2,3% af landsframleiðslu fyrra árs. En þau stóðu nánast í stað á árinu 2007 eftir að hafa batnað nokkuð á árinu 2006. Verð á útfluttum vörum og þjónustu hækkaði á árinu 2008 um 35,5% í íslenskum krónum en verð á innfluttum vörum og þjónustu hækkaði um 44,3%. Á sama tíma lækkaði gengi íslensku krónunnar um 40,7%, þ.e. krónan veiktist.


Launa- og fjármagnsgjöld til útlanda jukust margfalt meira en nam aukningu launa- og fjáreignatekna frá útlöndum og að viðbætti neikvæðri þróun viðskiptakjara er niðurstaðan sú að þjóðartekjur hafi dregist saman um 33,4% þrátt fyrir 1,3% vöxt landsframleiðslu. Hér er þó vert að hafa fyrirvara á því að inni í þessum liðum er að öllum líkindum ranglega meðtalið verulegt verðlækkunartap (e. *capital loss*) sem svertir myndina. Seðlabankinn, sem sér um söfnun gagna um launa- og eignatekjur frá útlöndum, hefur við birtingu gagna fyrir fyrsta ársfjórðung 2009 tekið upp þær

aðferðir við þetta uppgjör sem mælt er fyrir um í alþjóðlegum stöðlum<sup>1</sup> en hefur ekki enn leiðrétt þessar niðurstöður fyrir fyrri ár.

Á árinu 2007 var aukning launa- og fjáreignatekna frá útlöndum nánast jöfn aukningu launa- og fjármagnsgjalda til útlanda. Þessi þróun og óbreytt viðskiptakjör leiddu til þess að þjóðartekjur jukust um 3,9%, á því ári en landsframleiðslan um 5,6%. Árið 2006 nam aukning þjóðartekna 1,4% samanborið við 4,3% aukningu landsframleiðslu.

## Mynd 2. Magnvísitala landsframleiðslu og þjóðartekna

Figure 2. GDP and GNI, volume indices



**Skýring** Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2007 og 2008. Þjóðartekjur 2008 (broten lína): Sjá nánar neðst á bls. 2 um launa- og eignatekjur frá útlöndum, nettó. Preliminary data 2007 and 2008. GNI 2008 (broken line): See paragraph 3 in the English summary on page 9.

**Einkaneysla dróst saman um 7,8%**

Einkaneysla dróst saman um 7,8% á árinu 2008 eftir fimm ára samfelldan vöxt. Á árinu 2007 jókst hún um 5,6% að raungildi og um 3,6% árið 2006. Á árunum 2001 og 2002 dróst einkaneyslan saman, um 1,5% á árinu 2002 og 2,8% árið 2001 en fara þarf aftur til ársins 1975 (er hún dróst saman um 9,6%) til þess að finna meiri samdrátt einkaneyslu en á síðasta ári.

Til langs tíma litið hefur vöxtur einkaneyslu að mestu haldist í hendur við vöxt landsframleiðslu, en þó með nokkrum undantekningum, það er á árunum 1998 og 1999, 2003, 2005 og nú árið 2008. Á árinu 2008 var einkaneysla 72% meiri en hún var á árinu 1990 en á sama tíma hefur landsframleiðsla vaxið um 77%. Á sama tíma fjölgaði fólki í landinu um 25%. Einkaneysla á mann hefur því aukist um 37% en landsframleiðsla um 41%.

**Einkaneysla rúmlega 53% af landsframleiðslu**


Árið 2008 reyndist hlutfall einkaneyslu af landsframleiðslu vera 53,5%, (samanborið við 57,7% árið á undan). Í sögulegu samhengi er þetta hlutfall lágt og undanfarin tuttugu ár hefur það einungis einu sinni verið svipað, 54,9% árið 2002. Í töflu 3 er sýnd samsetning einkaneyslu eftir útgjaldaflokkum undanfarin fjögur ár og árin 1990 og 1995.

<sup>1</sup> Undir liðnum launa- og eignatekjur frá útlöndum, nettó, á að telja vaxta- og launagreiðslur til og frá landinu en einnig ávöxtun hlutafjár. Með ávöxtun hlutafjár er átt við úthlutaðan arð af venjulegri hlutabréfæign en einnig tekjur af beinni fjárfestingu (eignarhlutur yfir 10%) þar sem eigandanum er reiknuð hlutdeild í hagnaði eftir eignarhluta óháð því hvort arði hefur verið úthlutað eða ekki. Verðhækkunarágóði (e. *capital gain*) eða verðlækkunartap (e. *capital loss*) telst ekki til tekna eða gjalda í þessu sambandi, aðeins á að taka með hagnað eða tap sem tengist rekstri viðkomandi árs.

Einkaneysla er flokkuð í 12 aðalflokka samkvæmt alþjóðlegu flokkunarkerfi (COICOP – Classification of Individual Consumption by Purpose). Í töflunni kemur fram hve vægi mat- og drykkjarvöru hefur minnkað í útgjöldum heimilanna. Það var 23,7% á árinu 1990, var komið niður í 15% árin 2005–2007 en hækkaði í 16% árið 2008. Þá hefur vægi fatnaðar minnkað um nærri helming. Á móti kemur að vægi útgjalda vegna húsnæðis hefur aukist um 30% og útgjöld Íslendinga erlendis um rúm 50%.

### Mynd 3. Magnvísitala einkaneyslu og landsframleiðslu

Figure 3. Private final consumption and GDP, volume indices



**Skýring** Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2007 og 2008. Preliminary data 2007 and 2008.

#### Samneysla jókst um 4,6%

Samneysla jókst um 4,6% á liðnu ári sem er nokkru meiri aukning en á árunum 2007 og 2006 (4,1% árið 2007, 4,0% árið 2006). Í áætlun frá því í mars síðastliðnum var gert ráð fyrir að samneysla hefði aukist um 2,8%. Breytingin nú skýrist að stærstum hluta af því að samneysla sveitarfélaga varð mun meiri en þær áætlanir sem þá lágu fyrir gáfu til kynna. Sem hlutfall af landsframleiðslu var samneyslan 24,9% eða svipuð og undanfarin fjögur ár en nokkru lægri en 2002 og 2003. Í sögulegu samhengi hefur þetta hlutfall verið hærra síðastliðin sjö ár en nokkru sinni. Endanlegt uppgjör fjármála hins opinbera fyrir árið 2008, með ýtarlegum sundurliðunum, verður birt í Hagtíðindum, *Fjármál hins opinbera 2008*, þann 11. september 2009.

#### Fjárfesting dróst saman um 20,4%


Fjárfesting á síðasta ári dróst saman um 20,4% og kemur sá samdráttur í kjölfarið á 12,2% samdrætti árið 2007 eftir mikinn vöxt fjögur ár þar áður. Fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu er talin hafa numið 24,2%. Þrátt fyrir samdrátt síðastliðin tvö ár er þetta hlutfall enn nokkuð hátt í sögulegu samhengi. Sambærilegt hlutfall fyrir OECD-ríkin í heild hefur verið um eða undir 20% undanfarinn aldarfjórðung.

Samdráttinn á síðastliðnu ári má rekja til atvinnuvegafjárfestingar og íbúðarhúsnæðis. Atvinnuvegafjárfesting dróst saman annað árið í röð, um 25,1% árið 2008 og 23,7% árið áður. Þyngst vegur minni fjárfesting í stóriðju- og orkuverum, en þær fjárfestingar náðu hámarki árið 2006. Einnig dróst fjárfesting í flugrekstri saman og reyndar varð sala á flugvélum úr landi meiri en kaup. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði dróst saman um 21,8% í fyrra samanborið við 13,2% vöxt árið

2007<sup>1</sup>. Mikill samfelldur vöxtur hefur verið í íbúðarfjárfestingu frá og með árinu 2000 og síðast var samdráttur í henni árið 1997. Fjárfesting hins opinbera jókst aftur á móti lítillega á árinu 2008, um 0,8% samanborið við 19,1% aukningu árið 2007.

#### Mynd 4. Magnvísitala fjármunamyndunar og helstu undirliða

Figure 4. Gross fixed capital formation, volume indices by main components



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2007 og 2008. Preliminary data 2007 and 2008.

Í áætlun frá því í mars síðastliðnum var gert ráð fyrir að fjárfesting á árinu 2008 hefði dregist saman um 21,8% borið saman við 20,4% nú. Minni samdráttur skýrist að mestu af endurmati á fjárfestingu fasteignafélaga. Fjárfesting á árinu 2007 er nú talin hafa dregist saman um 12,2% í stað 12,8% í mars og skýrist þessi minni samdráttur af flugvélakaupum á árinu en upplýsingar um þau kaup lágu ekki fyrir í mars. Þar sem þessi kaup koma einnig inn í utanríkisverslun hefur þessi breyting ekki áhrif á landsframleiðsluna.

*Þjóðarútgjöld drógust saman um 8,6%*

Þjóðarútgjöld, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, drógust saman um 8,6% að raungildi á liðnu ári. Árið 2007 drógust þjóðarútgjöld lítillega saman, um 0,4%. Þetta er verulegur viðsnúningur frá árunum þar áður, því að á árinu 2006 jukust þjóðarútgjöld um 9,2% og 15,7% árið 2005.


*Minni halli á vöru- og þjónustuviðskiptum*

Vöruútflutningur jókst um 11,4% á árinu 2008 en útflutningur á þjónustu dróst saman um 1,9%. Í heildina jókst útflutningur um 7,1%. Aukning í vöruútflutningi skýrist að stórum hluta af mikilli aukningu á útflutningi afurða stóriðju. Á sama tíma dróst innflutningur á vöru saman um 18,2% og innflutningur á þjónustu um 18,7%. Í heild dróst innflutningur saman um 18,3%. Þessi þróun veldur því að verulega dró úr halla á vöru- og þjónustuviðskiptum á árinu 2008 miðað við árið áður. Hallinn nam tæpum 41 milljarði króna árið 2008 samanborið við tæpa 140 milljarða árið áður.

<sup>1</sup> Niðurstöður um íbúðafjárfestingu eru byggðar á gögnum frá Fasteignaskrá Íslands. Að undanfögnu hefur verið unnið að breytingum á öflun og úrvinnslu þessara gagna í Fasteignaskránni. Líklega eru niðurstöður þessarar úrvinnslu fyrir árið 2008 ekki með öllu sambærilegar við fyrri ár og hefur Hagstofan því ákveðið til bráðabirgða að gera ráð fyrir talsvert meiri samdrætti í íbúðafjárfestingu en ráða má af tölum Fasteignaskrár.

### Mynd 5. Magnbreyting þjóðarútgjalda og landsframleiðslu

Figure 5. GDP and Domestic final expenditure, annual growth rate



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2007 og 2008. Preliminary data 2007 and 2008.


Þrátt fyrir þessa jákvæðu þróun vöru- og þjónustuviðskipta veldur hinn mikli halli sem er á launa- og eignatekjum við útlönd<sup>1</sup> því að viðskiptahallinn við útlönd árið 2008 nam 618 milljörðum króna, 41,9% af landsframleiðslu og hefur hann aldrei verið meiri. Þessi áætlun er þó mjög óviss eins og rakið var hér á undan. Árið áður nam hallinn 257 milljörðum króna, 19,8% af landsframleiðslu.

#### Útflutningur bar uppi hagvöxtinn

Mikill bati í vöru- og þjónustuviðskiptum veldur því að landsframleiðsla er talin aukast um 1,3% þrátt fyrir 8,6% samdrátt þjóðarútgjalda. Árið 2007 var hagvöxtur drifinn af auknum útflutningi og einkaneyslu. Þróunin síðastliðin tvö ár er nokkuð ólík því sem var á árunum þar áður þegar hagvöxtur var drifinn af einkaneyslu og fjárfestingu.

### Mynd 6. Hlutdeild einstakra liða í hagvexti

Figure 6. Contribution to growth by expenditure items



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2007 og 2008. Preliminary data 2007 and 2008.

<sup>1</sup> Sjá nánar neðst á bls. 2, um launa- og eignatekjur frá útlöndum, nettó.

Að nokkru svipar þróuninni 2008 til ársins 2001 þegar hagvöxtur var einnig drifinn af miklum vexti útflutnings en þó er sá munur á þessum tveimur árum að árið 2001 var mun minni samdráttur þjóðarútgjalda og innflutnings.

Undanfarin fimm ár hefur landsframleiðsla aukist nokkru meira en þjóðarútgjöld, um 29% á móti 26% vexti þjóðarútgjalda.


#### Hlutur einstakra atvinnugreina í landsframleiðslu

Hér að ofan er landsframleiðsla metin út frá ráðstöfunarhlið, með því að meta útgjöld þjóðarbúsins, þ.e. neyslu og fjárfestingu að teknu tilliti til viðskipta við útlönd. Framleiðslu er einnig unnt að meta með beinum hætti í einstökum atvinnugreinum. Í töflu 7 eru sýndar niðurstöður slíks mats fyrir tímabilið 2002–2008 en þar kemur fram hlutur einstakra atvinnugreina í myndun landsframleiðslunnar. Í töflu 6 eru sýndar magnvísitölur framleiðslunnar í sömu skiptingu á atvinnugreinar.

Tölur þessar eru byggðar á framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga fram til ársins 2006, bráðabirgðatölum fyrir árið 2007 og áætlun fyrir árið 2008.

#### Mynd 7. Hlutfall launa og rekstrarafgangs af landsframleiðslu

Figure 7. The share of labour and capital in GDP



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2007 og 2008. Preliminary data 2007 and 2008.

#### Hlutur vinnuafis og fjármagns

Framleiðslu í skilningi þjóðhagsreikninga má líta á sem samtölu þess sem launþegar bera úr býtum annars vegar og fjármagn og einyrkjar hins vegar. Á árinu 2008 er talið að í hlut launþega hafi komið um 64,6% af því sem til skipta var en fjármagnið og einyrkjar hafi borið úr býtum um 35,4%. Launahlutfall á árinu 2008 hefur því lækkað nokkuð frá því sem það var á árinu 2007, þegar það var 70,4%. Hlutfallið er nokkru lægra en undanfarin ár og svipar til hlutfallsins á árunum 1999–2000, en nokkru hærra en það var á árunum 2001–2002. Launafjárhæð á árinu 2008 er áætluð með hliðsjón af breytingu á launum samkvæmt staðgreiðsluskrá en jafnframt er tekið mið af hækkun launavísitölu og fjölda starfandi samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn. Launafjárhæðir fyrri ára eru fengnar úr framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga fram til 2006 og bráðabirgðaniðurstöðum þess uppgjörs 2007.

#### Hagvöxtur meiri á Íslandi en í OECD-ríkjunum árið 2008


Hagvöxtur í OECD-ríkjunum í heild árið 2008 er talinn hafa verið 0,8% samanborið við 1,3% vöxt hér á landi. Á tímabilinu 1997–2008 hefur hagvöxtur hér á

landi einungis einu sinni verið lægri en í OECD-ríkjum en það var á árinu 2002 þegar hann óx um 0,1% samanborið við 1,7% vöxt hjá OECD-ríkjunum í heild.

Miklar sveiflur hafa einkennt hagþróun á Íslandi og framan af tíunda áratugnum var vöxtur hér á landi til muna lægri en í OECD-ríkjum í heild. Ef lítið er yfir allt tímabilið 1990–2008 reynist árlegur meðalvöxtur á Íslandi hafa verið 3,2% en 2,5% í OECD-ríkjunum í heild.

### Mynd 8. Hagvöxtur á Íslandi og í OECD-ríkjunum

Figure 8. GDP annual growth rate in Iceland and OECD



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árið 2007 og 2008. Preliminary data 2007 and 2008.

#### Ítarlegra talnaefni á netinu

Auk þess talnaefnis, sem hér birtist í Hagtíðindum, er vísað til ítarlegs talnaefnis á heimasíðu Hagstofunnar. Þar er að finna langar tímaraðir um flesta þætti þjóðhagsreikninga.

#### Breytingar eldri talna

Eins og fram hefur komið hér á undan hafa þjóðhagsreikningatölur fyrri ára hnikast lítið eitt til, einkum tölur ársins 2007 en einnig árána 2006 og 2005. Tölum um þjónustuviðskipti árin 2005–2007 hefur verið breytt til samræmis við nýjar tölur Seðlabanka Íslands og skýrir sú endurskoðun að mestu breytingarnar á einkaneyslu þar sem útgjöld erlendra manna á Íslandi árin 2005–2008 voru hækkuð. Þá hafa verið gerðar smávægilegar breytingar og tilfærslur milli liða í framleiðsluuppgjöri aftur til ársins 2005. Vegna afstemmingar við ráðstöfunaruppgjörið getur breyting á einni atvinnugrein í framleiðsluuppgjöri leitt til smávægilegra breytinga á öllum öðrum atvinnugreinum.

#### Næsta endurskoðun í mars 2010

Þær tölur um árið 2008 sem hér birtast verða næst endurskoðaðar í mars 2010 og munu þá verða birtar samhliða fyrstu áætlunum fyrir árið 2009. Ekki er fyrirhuguð nein meiriháttar endurskoðun á eldri gögnum við þá birtingu.



## English summary

1.3% growth in GDP in 2008,  
5.6% in 2007

The revised annual national accounts for 2008 show a 1.3% growth in Gross Domestic Product (GDP) in real terms. In the provisional data from March 2009 the growth was estimated to have been 0.3%. The upward revision is mainly explained by a higher government final consumption and gross fixed capital formation together with slightly improved balance on goods and services than was estimated in March. In 2007 GDP grew at a rate of 5.6% and 4.3% in 2006.

The growth in GDP during last year can mainly be explained by 7% growth in exports, mainly those from power intensive industry. The increase in exports together with a decline of 18% in imports resulted in considerable improvement in the balance on goods and services, from a deficit of 140 billion ISK in 2007 to a deficit of 41 billion ISK in 2008. At the same time household final consumption decreased by 7.8% and fixed capital formation by 20.4%. To some extent the developments in 2008 were similar to those in 2001 when the growth was export driven. What differs between these two years is a slower decline in domestic expenditure and imports in 2001 than in 2008. Contrary to this, the growth in 2003–2006 was mainly driven by increase in household final consumption and fixed capital formation.

During 2008 the terms of trade deteriorated by 2.3% of GDP of the previous year, having a similar impact on Gross National Income (GNI). However, GNI was influenced by huge negative primary incomes from abroad. These figures are obtained from the Central Bank of Iceland but Statistics Iceland incorporates them with reservations because these figures probably include significant capital losses that should not be taken into account. From the 1<sup>st</sup> quarter of 2009 the Central Bank of Iceland has adopted international guidelines in collection of statistics on revenues from direct investment and excluded capital gains and losses. Similar corrections have not yet been made for previous years.

In 2008 the share of household final consumption of GDP was 53.5%. Historically this share is low. During the last two decade the share was lower only once, in 2002. Government final consumption amounted to 24.9% of GDP, similar to the previous four years.

The share of gross fixed capital formation was 24.2% of GDP in 2008. Despite the decline in the growth of fixed capital formation this share is still high in historical context. A comparable figure for the OECD total has been around 20% during the last quarter of the century.

Final figures for General government finances for 2008 will be published in Statistical series *General Government Finances 2008*, on 11<sup>th</sup> September 2009.

Attention should be brought to slight revisions which have been made in the national accounts of previous years and now incorporated. New figures on trade in services in 2005–2007 from the Central Bank of Iceland have been incorporated and they also explain the majority of changes in private consumption as expenditure of foreigners have been revised upward. Fixed capital formation has been revised for 2007 in accordance with new information about import of aeroplanes and some minor revisions have been done for the years 2005 and 2006. Finally, some minor changes have been made in the production accounts as far back as 2005.

The next revision of national accounts data will be released in March 2010 together with provisional data for 2009. No major revisions of previous years are planned for that release.

**Tafla 1. Landsframleiðsla og þjóðartekjur 2003–2008**Table 1. *Gross Domestic Product and Gross National Income 2003–2008*

Milljónir króna á verðlagi hvers árs <i>Million ISK at current prices</i>	2003	2004	2005	2006	2007 <sup>1</sup>	2008 <sup>1</sup>
1. Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	481.541	530.672	609.359	679.524	750.984	789.539
2. Samneysla <i>Government final consumption</i>	219.130	232.962	252.617	285.371	316.828	367.309
3. Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	167.866	218.477	291.395	397.631	366.553	357.348
4. Birgðabreytingar <i>Changes in inventories</i>	-1.453	-918	-862	13.498	6.626	3.255
<b>5. Þjóðarútgjöld alls <i>Gross domestic final expenditure</i></b>	<b>867.084</b>	<b>981.194</b>	<b>1.152.509</b>	<b>1.376.024</b>	<b>1.440.992</b>	<b>1.517.450</b>
6. Útflutningur alls <i>Exports of goods and services</i>	288.552	316.903	325.510	376.781	453.349	657.840
6.1 Vörur, fob. <i>Goods, fob</i>	182.580	202.373	194.934	243.461	306.001	466.860
6.2 Þjónusta <i>Services</i>	105.972	114.530	130.576	133.320	147.348	190.981
7. Frádráttur: Innflutningur alls <i>Less: Imports of goods and services</i>	314.314	369.208	451.300	584.622	592.932	698.827
7.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	198.480	238.920	288.034	400.005	396.059	473.525
7.2 Þjónusta <i>Services</i>	115.834	130.288	163.266	184.617	196.873	225.303
<b>8. Verg landsframleiðsla <i>Gross Domestic Product</i></b>	<b>841.322</b>	<b>928.889</b>	<b>1.026.718</b>	<b>1.168.183</b>	<b>1.301.409</b>	<b>1.476.463</b>
9. Launa- og eignatekjur frá útlöndum, nettó <i>Primary incomes received from abroad<sup>2</sup></i>	-13.187	-37.744	-39.605	-88.523	-117.872	(-577.140)
<b>10. Vergar þjóðartekjur <i>Gross National Income<sup>2</sup></i></b>	<b>828.135</b>	<b>891.145</b>	<b>987.113</b>	<b>1.079.660</b>	<b>1.183.537</b>	<b>(899.323)</b>
11. Viðskiptajöfnuður án rekstrarframlaga <i>Balance on current account</i>	-38.949	-90.049	-165.396	-296.364	-257.455	(-618.127)
11.1 Vöruskiptajöfnuður fob/fob <i>Balance on goods</i>	-15.900	-36.547	-93.100	-156.544	-90.058	-6.665
11.2 Þjónustujöfnuður fob/fob <i>Balance on services</i>	-9.862	-15.758	-32.691	-51.297	-49.525	-34.322
11.3 Launa- og eignatekjur frá útlöndum, nettó <i>Balance on primary income from abroad</i>	-13.187	-37.744	-39.605	-88.523	-117.872	(-577.140)

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*<sup>2</sup> Sjá nánar neðst á bls. 2, um launa- og eignatekjur frá útlöndum, nettó. *GNI 2008: See paragraph 3 in the English summary on page 9.***Tafla 2. Raunbreyting landsframleiðslu og þjóðartekna 2003–2008**Table 2. *Volume changes in Gross Domestic Product and Gross National Income 2003–2008*

Raunbreyting frá fyrra ári, % <sup>1</sup> <i>Volume changes on previous year, %<sup>1</sup></i>	2003	2004	2005	2006	2007 <sup>2</sup>	2008 <sup>2</sup>
1. Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	6,1	7,0	12,7	3,6	5,6	-7,8
2. Samneysla <i>Government final consumption</i>	1,8	2,2	3,5	4,0	4,1	4,6
3. Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	11,1	28,1	35,7	21,6	-12,2	-20,4
<b>5. Þjóðarútgjöld alls <i>Gross domestic final expenditure</i></b>	<b>5,7</b>	<b>9,9</b>	<b>15,7</b>	<b>9,2</b>	<b>-0,4</b>	<b>-8,6</b>
6. Útflutningur alls <i>Exports of goods and services</i>	1,6	8,4	7,5	-4,6	17,7	7,1
6.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	-1,2	9,2	-0,1	-1,5	22,3	11,4
6.2 Þjónusta <i>Services</i>	7,2	7,1	21,0	-9,3	9,4	-1,9
7. Frádráttur: Innflutningur alls <i>Less: Imports of goods and services</i>	10,7	14,5	29,3	10,4	-0,7	-18,3
7.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	7,3	15,8	25,2	16,9	-4,2	-18,2
7.2 Þjónusta <i>Services</i>	17,2	12,3	36,7	-1,1	6,9	-18,7
<b>8. Verg landsframleiðsla <i>Gross Domestic Product</i></b>	<b>2,4</b>	<b>7,7</b>	<b>7,5</b>	<b>4,3</b>	<b>5,6</b>	<b>1,3</b>
<b>10. Vergar þjóðartekjur <i>Gross National Income<sup>3</sup></i></b>	<b>-0,6</b>	<b>4,5</b>	<b>8,0</b>	<b>1,4</b>	<b>3,9</b>	<b>(-33,4)</b>

<sup>1</sup> Raunbreytingar eru reiknaðar á verðlagi fyrra árs og árlegum keðjutengingum. *Volume changes are based on annual chain linking.*<sup>2</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*<sup>3</sup> Sjá nánar neðst á bls. 2, um launa- og eignatekjur frá útlöndum, nettó. *GNI 2008: See paragraph 3 in the English summary on page 9.*

**Tafla 3. Einkaneysla 1990–2008**

Table 3. Household final consumption expenditure 1990–2008

	1990	1995	2005	2006	2007 <sup>1</sup>	2008 <sup>1</sup>
<b>Verðlag hvers árs, millj. kr. Million ISK at current prices</b>						
Matur, drykkjarvara og tóbak <i>Food, beverages and tobacco</i>	50.843	55.116	89.117	97.985	105.981	122.174
Föt og skór <i>Clothing and footwear</i>	16.926	17.969	25.641	28.494	32.184	35.540
Húsnæði, ljós og hiti <i>Gross rent, fuel and power</i>	38.016	44.625	113.738	132.525	152.390	176.305
Húsgögn, húsbúnaður, heimilishald og heimilistæki <i>Furniture, furnishings and household equipment and operation</i>	15.920	17.841	36.718	39.240	45.442	41.484
Heilbrigðisþjónusta <i>Medical care and health expenses</i>	4.421	6.889	16.703	17.718	19.083	21.581
Samgöngur, póstur og sími <i>Transport and communication</i>	29.032	33.539	114.821	123.423	136.322	129.776
Tómstundaiðja, skemmtanir, menntun og menningarmál <i>Recreation, entertainment, education and culture</i>	25.010	35.661	74.141	78.567	80.459	79.748
Hótel og veitingastaðir <i>Restaurants and hotels</i>	13.736	18.367	44.106	49.699	56.415	59.015
Ýmsar vörur og þjónusta <i>Miscellaneous goods and services</i>	13.027	17.323	38.446	45.481	48.786	54.721
<b>Einkaneysla innanlands alls</b>						
<b>Households Final Consumption Exp. in the Domestic Market</b>	<b>206.931</b>	<b>247.329</b>	<b>553.431</b>	<b>613.131</b>	<b>677.061</b>	<b>720.343</b>
Útgjöld Íslendinga erlendis <i>Direct purchases abroad by resident households</i>	17.129	18.940	62.945	76.896	85.948	93.704
Útgjöld útlendinga á Íslandi <i>Direct purchases in the domestic market by non-resident households</i>	-9.140	-12.246	-27.743	-34.113	-38.478	-54.188
<b>Einkaneysla heimila alls</b>						
<b>Household Final Consumption Exp. of Resident Households</b>	<b>214.920</b>	<b>254.023</b>	<b>588.633</b>	<b>655.914</b>	<b>724.531</b>	<b>759.859</b>
Starfsemi samtaka <i>Non-profit institutions serving households</i>	7.175	9.267	20.726	23.610	26.453	29.679
<b>Einkaneysla alls Final Consumption Expenditure</b>	<b>222.095</b>	<b>263.290</b>	<b>609.359</b>	<b>679.524</b>	<b>750.984</b>	<b>789.539</b>
<b>Hlutfallsleg skipting, % Percentage breakdown</b>						
Matur, drykkjarvara og tóbak <i>Food, beverages and tobacco</i>	23,7	21,7	15,1	14,9	14,6	16,1
Föt og skór <i>Clothing and footwear</i>	7,9	7,1	4,4	4,3	4,4	4,7
Húsnæði, ljós og hiti <i>Gross rent, fuel and power</i>	17,7	17,6	19,3	20,2	21,0	23,2
Húsgögn, húsbúnaður, heimilishald og heimilistæki <i>Furniture, furnishings and household equipment and operation</i>	7,4	7,0	6,2	6,0	6,3	5,5
Heilbrigðisþjónusta <i>Medical care and health expenses</i>	2,1	2,7	2,8	2,7	2,6	2,8
Samgöngur, póstur og sími <i>Transport and communication</i>	13,5	13,2	19,5	18,8	18,8	17,1
Tómstundaiðja, skemmtanir, menntun og menningarmál <i>Recreation, entertainment, education and culture</i>	11,6	14,0	12,6	12,0	11,1	10,5
Hótel og veitingastaðir <i>Restaurants and hotels</i>	6,4	7,2	7,5	7,6	7,8	7,8
Ýmsar vörur og þjónusta <i>Miscellaneous goods and services</i>	6,1	6,8	6,5	6,9	6,7	7,2
<b>Einkaneysla innanlands alls</b>						
<b>Households Final Consumption Exp. in the Domestic Market</b>	<b>96,3</b>	<b>97,4</b>	<b>94,0</b>	<b>93,5</b>	<b>93,4</b>	<b>94,8</b>
Útgjöld Íslendinga erlendis <i>Direct purchases abroad by resident households</i>	8,0	7,5	10,7	11,7	11,9	12,3
Útgjöld útlendinga á Íslandi <i>Direct purchases in the domestic market by non-resident households</i>	-4,3	-4,8	-4,7	-5,2	-5,3	-7,1
<b>Einkaneysla heimila alls</b>						
<b>Household Final Consumption Exp. of Resident Households</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
Starfsemi samtaka <i>Non-profit institutions serving households</i>	3,3	3,6	3,5	3,6	3,7	3,9
<b>Einkaneysla alls Final Consumption Expenditure</b>	<b>103,3</b>	<b>103,6</b>	<b>103,5</b>	<b>103,6</b>	<b>103,7</b>	<b>103,9</b>

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

**Tafla 4. Fjármunamyndun 2006–2008**  
*Table 4. Gross fixed capital formation 2006–2008*

	Verðlag hvers árs, millj. kr. <i>Million ISK at current prices</i>			Magnbreyting frá fyrra ári, % <sup>1</sup> <i>Volume changes on previous year, per cent<sup>1</sup></i>		
	2006	2007 <sup>2</sup>	2008 <sup>2</sup>	2006	2007 <sup>2</sup>	2008 <sup>2</sup>
<b>Fjármunamyndun alls</b> <i>Gross fixed capital formation, total</i>	<b>397.631</b>	<b>366.553</b>	<b>357.348</b>	<b>21,6</b>	<b>-12,2</b>	<b>-20,4</b>
<b>Atvinnuvegir alls</b> <i>Business sector investment</i>	<b>280.540</b>	<b>221.297</b>	<b>210.986</b>	<b>23,1</b>	<b>-23,7</b>	<b>-25,1</b>
Landbúnaður og skógrækt <i>Agriculture and forestry</i>	6.827	6.720	5.687	0,3	-4,9	-36,0
Fiskveiðar <i>Fishing</i>	1.954	1.035	1.208	-20,3	-44,8	-11,3
Matvælavinnsla <i>Manufacture of food products and beverages</i>	5.587	5.528	3.690	77,5	-1,9	-48,7
Framleiðsla málma <i>Manufacture of basic metals</i>	62.657	36.186	24.938	15,2	-41,1	-53,5
Annar iðnaður <i>Other manufacturing</i>	2.892	3.599	3.207	-56,6	5,1	-34,4
Rafvirkjanir, raf-, hita- og vatnsveitur <i>Production and distribution of electricity and water</i>	74.587	66.048	67.888	33,5	-15,6	-17,9
Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	16.771	16.513	14.658	25,8	-3,9	-29,3
Verslun <i>Wholesale and retail trade</i>	5.686	6.698	6.228	-39,4	20,1	-31,9
Hótel- og veitingahúsarekstur <i>Hotels and restaurants</i>	3.233	3.066	2.854	-36,1	-9,1	-24,4
Flugsamgöngur <i>Air transport</i>	26.634	-15.166	-10.564	444,5	-158,1	-45,2
Flutningar, ferðaskrifstofur o.þ.h. <i>Travel agencies and tour operators n.e.c.</i>	8.481	10.317	6.693	9,8	14,2	-46,1
Samgöngur <i>Transport</i>	2.294	2.519	1.781	-17,4	12,7	-50,2
Fjarskiptaþjónusta <i>Telecommunications</i>	6.016	10.561	16.321	-9,4	74,0	9,0
Fjármálaþjón., váttryggingar og önnur fjármálastarfsemi <i>Financial intermediation and insurance</i>	10.248	10.465	7.535	281,0	0,9	-41,4
Fasteignaviðskipti <i>Real estate activities</i>	22.873	27.454	33.971	-2,8	10,5	6,4
Ýmis leigustarfsemi og tölvuþjónusta <i>Computer and related activities</i>	2.162	1.499	2.202	2,2	-33,8	17,1
Rannsóknir og þróunarstarf <i>Research and development</i>	1.054	2.690	2.302	-421,4	146,7	-31,7
Önnur viðskipti og sérhæfð þjónusta <i>Other business activities</i>	11.405	14.638	11.013	75,9	23,3	-38,9
Annað <i>Other n.e.c.</i>	9.180	10.927	9.376	-21,2	16,3	-37,0
<b>Íbúðarhús alls</b> <i>Residential construction</i>	<b>74.480</b>	<b>90.600</b>	<b>80.903</b>	<b>16,5</b>	<b>13,2</b>	<b>-21,8</b>
<b>Starfsemi hins opinbera</b> <i>Public works and buildings</i>	<b>42.611</b>	<b>54.656</b>	<b>65.458</b>	<b>22,2</b>	<b>19,1</b>	<b>0,8</b>
Vegir og brýr <i>Roads and bridges</i>	9.463	12.119	20.808	7,5	17,9	46,8
Götur og holræsi <i>Streets and sewers</i>	11.598	13.770	14.237	43,1	9,3	-11,6
Byggingar hins opinbera <i>Public buildings</i>	16.854	22.766	22.695	43,2	23,6	-13,9
Önnur fjárfesting hins opinbera <i>Other public investment</i>	4.696	6.001	7.719	-26,2	29,1	-7,7
<b>Atvinnuvegir alls, tegundaskipting</b> <i>Business sector investment, type of assets</i>	<b>280.540</b>	<b>221.297</b>	<b>210.986</b>	<b>23,1</b>	<b>-23,7</b>	<b>-25,1</b>
Fólksbifreiðar <i>Motor vehicles for industrial use</i>	4.968	5.091	4.633	17,3	-3,8	-22,3
Skip og skipsbúnaður, flugvélar o.fl. <i>Ships, aircrafts and pertaining equipments</i>	28.747	-11.457	-9.045	254,6	-140,7	-37,6
Verksmiðju-, iðnaðarvélar og tæki <i>Manufacturing machinery and equipments</i>	16.261	6.341	6.703	133,2	-60,5	-24,2
Skrifstofuáhöld og tæki <i>Office machinery and computers</i>	26.109	34.671	35.122	6,5	36,9	-25,0
Vélar og tæki til jarðvegsvinnu og mannvirkjagerðar <i>Machinery tools for quarrying and construction</i>	68.051	57.814	41.116	-10,0	-13,3	-50,7
Mannvirki <i>Construction</i>	128.349	119.030	126.144	23,9	-13,3	-12,0
þar af byggingar <i>thereof buildings</i>	49.249	52.510	63.441	24,0	-2,4	4,5
Annað <i>Other n.e.c.</i>	8.056	9.808	6.313	83,6	15,1	-43,1

<sup>1</sup> Magnbreytingar eru reiknaðar á verðlagi fyrra árs og árlegri keðjutengingu. *Volume changes are based on annual chain linking.*

<sup>2</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Tafla 5. Skipting landsframleiðslunnar á framleiðsluþætti 2003–2008**

Table 5. Cost components of Gross Domestic Product 2003–2008

Verðlag hvers árs, millj. kr. Million ISK at current prices	2003	2004	2005	2006	2007 <sup>1</sup>	2008 <sup>1</sup>
<b>1. Verg landsframleiðsla Gross Domestic Product</b>	<b>841.322</b>	<b>928.889</b>	<b>1.026.718</b>	<b>1.168.183</b>	<b>1.301.409</b>	<b>1.476.463</b>
2. Vörutengdir skattar Taxes on products	118.721	140.222	167.532	190.344	201.998	190.386
3. Vörutengdir styrkir Subsidies on products	9.296	9.193	9.492	10.298	11.422	13.198
<b>4. Vinnsluvirði á grunnverði (4.=1.-2.+3.)</b>						
<i>Value added, basic prices (4.=1.-2.+3.)</i>	<b>731.897</b>	<b>797.860</b>	<b>868.678</b>	<b>988.136</b>	<b>1.110.833</b>	<b>1.299.275</b>
5. Aðrir skattar á framleiðslu Other taxes on production	22.371	25.832	28.501	36.284	41.570	41.557
6. Aðrir styrkir á framleiðslu Other subsidies on production	6.659	7.797	11.227	9.959	11.894	14.128
<b>7. Vergar þáttatekjur (7.=4.-5.+6.)</b>						
<i>Gross factor income (7.=4.-5.+6.)</i>	<b>716.186</b>	<b>779.825</b>	<b>851.404</b>	<b>961.812</b>	<b>1.081.157</b>	<b>1.271.847</b>
8. Laun og tengd gjöld Compensation of employees	471.979	516.881	581.696	682.268	761.288	822.191
9. Vergur rekstrarafgangur (9.=7.-8.)						
<i>Operating surplus, gross (9.=7.-8.)</i>	244.206	262.944	269.708	279.544	319.870	449.656
9.1 Bókfærðar afskriftir						
<i>Consumption of fixed capital (business acc.)</i>	129.818	138.832	147.812	170.580	193.930	...
9.2 Hreinn rekstrarafgangur Operating surplus, net	114.389	124.113	121.896	108.964	125.940	...

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.**Tafla 6. Magnvísitölur atvinnuvega og landsframleiðslunnar í heild 2003–2008**

Table 6. Gross Domestic Product by industries, volume indices 2003–2008

Magnvísitölur, 2000=100 Volume indices, 2000=100	2003	2004	2005	2006	2007 <sup>1</sup>	2008 <sup>1</sup>
Landbúnaður Agriculture	109,6	113,1	121,1	125,3	129,0	133,6
Fiskveiðar Fishing	99,2	103,3	100,4	96,3	93,3	91,0
Námugr. og vinnsla hráefna úr jörðu Mining and quarrying	99,4	103,3	98,4	112,6	131,5	123,4
Iðnaður Manufacturing	103,7	109,2	105,3	108,9	114,3	129,1
þar af fiskvinnsla thereof fish processing	109,3	118,9	109,0	97,4	99,8	0,0
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur Electricity and water supply	107,7	112,8	114,9	126,2	135,1	161,5
Byggingarstarfsemi Construction	95,0	112,8	132,9	146,7	156,4	140,1
Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta						
<i>Wholesale and retail trade; repair of household goods</i>	101,2	107,1	127,4	131,4	148,7	136,3
Hótel og veitingahúsarekstur Hotels and restaurants	105,0	113,5	129,2	133,0	153,1	165,0
Samgöngur og flutningar						
<i>Transport, storage and communication</i>	105,0	114,8	116,8	125,2	141,0	145,0
Fjármálaþj., lífeyrissj., váttryggingar, fasteignaviðskipti o.fl.						
<i>Financial, real-estate, renting and business activities</i>	120,5	135,1	150,1	167,1	182,0	186,6
Önnur þjónusta Other service activities	109,0	110,5	114,4	117,1	121,4	124,9
<b>Allar atvinnugreinar Total industries</b>	<b>107,2</b>	<b>114,9</b>	<b>123,0</b>	<b>130,3</b>	<b>139,4</b>	<b>141,5</b>
Breyting frá fyrra ári, %						
<i>Percentage change from previous year, %</i>	3,7	7,1	7,3	6,0	6,9	1,5
Til samanburðar: Breyting samkvæmt útgjaldauppgjöri, %						
<i>Memorandum: Change according to expenditure approach, %</i>	2,4	7,7	7,5	4,3	5,6	1,3

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

**Tafla 7. Hlutfallsleg skipting landsframleiðslu eftir atvinnuvegum 2003–2008**Table 7. *Gross Domestic Product by industries, percentage breakdown 2003–2008*

Hlutfallsleg skipting, % <i>Percentage breakdown</i>	2003	2004	2005	2006	2007 <sup>1</sup>	2008 <sup>1</sup>
Landbúnaður <i>Agriculture</i>	1,6	1,5	1,5	1,4	1,3	1,4
Fiskveiðar <i>Fishing</i>	6,3	5,3	4,8	5,0	4,4	4,8
Námugr. og vinnsla hráefna úr jörðu <i>Mining and quarrying</i>	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
Iðnaður <i>Manufacturing</i>	12,4	12,0	10,5	10,9	10,0	11,1
þar af fiskvinnsla <i>thereof fish processing</i>	2,7	2,2	2,1	2,1	1,6	...
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur <i>Electricity and water supply</i>	3,3	3,2	3,3	4,0	3,9	4,6
Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	7,5	8,9	10,5	11,3	12,0	10,5
Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta <i>Wholesale and retail trade; repair of household goods</i>	10,2	10,7	11,2	10,1	10,7	9,7
Hótel og veitingahúsarekstur <i>Hotels and restaurants</i>	1,7	1,6	1,6	1,5	1,7	1,6
Samgöngur og flutningar <i>Transport, storage and communication</i>	7,6	7,4	6,1	6,3	7,1	7,7
Fjármálaþj., lífeyrissj., váttryggingar, fasteignaviðskipti o.fl. <i>Financial, real-estate, renting and business activities</i>	22,9	23,9	25,5	25,5	26,4	26,4
Önnur þjónusta <i>Other service activities</i>	26,2	25,3	25,0	23,9	22,4	22,3
<b>Allar atvinnugreinar <i>Total industries</i></b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Hagtidindi** **Þjóðhagsreikningar**  
**Statistical Series** **National accounts**

94. árg. • 49. tbl. 2009:7

ISSN 0019-1078

ISSN 1670-4657 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4665 (pdf)

Verð ISK 900 *Price EUR 7*

Umsjón *Supervision* Stefán Þór Jansen • stefan.jansen@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

[www.hagstofa.is/hagtidindi](http://www.hagstofa.is/hagtidindi) [www.statice.is/series](http://www.statice.is/series)